

Föstudaginn 26. október 1951.

Kærumálið nr. 26/1951.

Skapti Davíðsson

gegn

Þórdísi Davíðsdóttur.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ármann Snævarr í stað hrd.
Gizurar Bergsteinssonar og hrd.
Jóns Ásbjörnssonar.

Dómkvaðning matsmanna metin gild.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 5. þ. m., er hingað barst 10. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 143. gr. laga nr. 85/1936 kært dómkvaðningu matsmanna, sem fram fór á aukadómþingi Árnessýslu hinn 28. september þ. á. samkvæmt beiðni stefndu. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að hin kærða dómkvaðning verði ómerkt, en til vara, að dómkvaðningin verði felld úr gildi. Þá hefur sóknaraðili áskilið sér rétt til skuldajafnaðar á kostnaði sínum af deilum út af jörð sinni Útey II við kröfur varnaraðilja um lækkun á arfahluta sóknaraðilja. Loks krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að hin kærða dómsathöfn verði staðfest og að henni verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Samkvæmt gögnum þeim, sem Hæstarétti hafa borizt, er tilefni hinnar kærðu dómkvaðningar sem hér segir: Hinn 23. júní 1949 fékk sóknaraðili sem fyrirframgreiðslu upp í arf frá föður sínum, Davíð Jóhannessyni, $\frac{13}{16}$ hluta af jörðinni Útey II í Laugardal í Árnessýslu. Davíð Jóhannesson andaðist hinn 2. október 1950, en einkaerfingjar hans eru systkinin Skapti og Þórdís, aðiljar kærumáls þessa. Við skipti á dánarbúi Davíðs Jóhannessonar, sem nú standa yfir í skiptarétti Reykjavíkur, hefur orðið ágreiningur milli nefndra erfingja um það, hvert verð á áðurgreindum $\frac{13}{16}$ hlutum Úteyjar

II skuli lagt til grundvallar við skiptin. Telur sóknaraðili sig eiga rétt til, að verð jarðarhlutans verði talið kr. 7740,00, eins og skráð hafi verið í erfðafjárskýrslu, er faðir hans afhenti honum eignina, en varnaraðili gerir kröfur til þess, að lagt verði til grundvallar gangverð eignarinnar, miðað við þann dag, er sóknaraðili fékk afsal fyrir henni samkvæmt veðmála-bókum. Hefur varnaraðili í bréfi til héraðsdómarans í Árnessýslu hinn 25. september þ. á. beðið um dómkvaðningu matsmanna til þess að meta $\frac{13}{16}$ hluta Úteyjar II samkvæmt framansögðu.

Aðalkröfu sína um ómerkingu dómkvaðningarinnar reisir sóknaraðili á því, að honum hafi ekki verið gert viðvart, áður en dómkvaðning fór fram, sbr. 3. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936. Að vísu hefði verið réttara, að matsdómari hefði gert aðiljum viðvart, áður en dómkvaðning fór fram, en þar sem sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að dómkvaðningunni sé áfátt, og varnaraðili átti, eins og á stóð, rétt til þess að fá matsmenn nefnda, þá verður hvorki tekin til greina krafa sóknaraðilja um ómerkingu né varakrafa hans um, að dómkvaðningin verði felld úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða dómsathöfn á að vera óröskuð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómkvaðning aukadómþings Árnessýslu 28. sept. 1951.

Ár 1951, föstudaginn 28. sept. kl. 5 e. h., var aukadómþing Árnessýslu sett í skrifstofu embættisins á Selfossi og haldið af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Málið nr. 13/1951,

Dómkvaðning tveggja manna til þess að meta jörðina Útey II.

Voru því næst kvaddir til þess að framkvæma hina umbeðnu matsgerð sem sérstaklega þar til hæfir og óvilhallir þeir Kristinn Vigfússon húsa-smíðameistari, Selfossi, og Stefán Diðriksson oddviti, Minniborg. Skulu þeir inna starf þetta af höndum eftir beztu vitund og samvizku og þannig, að

þeir geti unnið eið að, ef krafizt verður. Matsgerðin skal vera skrifleg. Matsbeiðanda og Skapta Davíðssyni skal tilkynnt með hæfilegum fyrirvara, hvar og hvenær matið eigi að fara fram.

Mánudaginn 29. október 1951.

Nr. 14/1948. **Guðmundur Eggerz** (Gústaf A. Sveinsson)
 gegn
Bæjarstjórn Akureyrar f. h.
Akureyrarkaupstaðar (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
 í stað hrd. Gizurar Bergsteins-
 sonar.

Skilyrði eignarhefðar ekki fyrir hendi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu á hendur stefnda, dags. 9. febr. 1948. Síðan áfrýjaði hann málinu, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 9. des. 1948, með framhaldsáfrýjunarstefnu, dags. 22. des. 1948, og var sú stefna birt stefnda 29. s. m. og auk þess birt í Lögbirtingablaðinu 31. desember 1948.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi gert þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá lund, að sér yrði dæmdur eignarréttur að hinum umstefnda túnbletti við Melstað milli Glerárbakkatúns og Árgerðistúns, svo og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum allan kostnað sakarinnar fyrir bæjarþinginu og Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefán Guðjónsson, er var eigandi Melstaðar frá 1920 til 1928, hefur vottað það og staðfest það vottorð sitt með eiði, að Árni Stefánsson, er var eigandi Melstaðar næstur á undan honum, á árunum 1915—1920, hafi skýrt sér frá því, er hann keypti býlið af honum, að báðir túnblettirnir væru